

Aðalfundur 3. október 2019

Mætt á fund; stjórn foreldrafélagsins; Georg, Kári, Steinunn Alva, Rósa og Ósk

Mæting á fundinn; 13 með stjórnendum leikskólans.

Sigrún leikskólastjóri bauð alla velkomna og var með nokkra punkta um skólaveturinn.

- Starfandi eru 28 starfsmenn við leikskólann, þrjú kennarar á bakka, sex á vík, sex á nesi og fimm á ási. Í leikskólanum eru 80 börn og bætast sex börn við eftir áramót.
- Inga Stefáns sálfræðingur kemur c.a 1x í mánuði, Elmar talmeinafræðingur heldur áfram að koma a.m.k. fram að jólum.
- Samstarfi við Grunn- og tónlistarskólann í Stykkishólmi ásamt samstarfi við leikskóla á Nesinu.
- Útikennsla fyrir elstu börnin með Ellý og Snæbjörtu, Hjalti mun taka við útikennslunni eftir áramót. Yngstu börnin á Ási hafa líka fengið að fara en fer eftir veðri.
- Það vantar tvo fulltrúa í foreldráð, það er lögskipað ráð sem á að vera í hverjum leikskóla, aðhald og stuðningur fyrir leikskólann. Ráðið fer yfir m.a. skólanámskrá, skóladagatal og fleira. Fundir eru c.a 1x í mánuði.
 - Enginn á fundinum bauð sig fram.
- Georg formaður foreldrafélagsins fer yfir málin sem foreldrafélagið gerði árið 2018 – 2019.
 - Jólafondur, jólapakkar, útikennslunámskeið, bíó, páskaeggjaleitin, sveitaferðin í Bjarnahöfn, dansnámskeið, leiksýning, Einar Áskell verður vonandi fljótlega, Blær verkefnið, gjöf til leikskólans (kaupa jógaðýnur fyrir leikskólann).
- Rósa fór yfir reikninga, hvað var keypt og eytt í af foreldrafélagsreikning.
- Hækkun á gjaldi, gjaldið er búið að vera 370 kr í 4 ár. Stjórnin kom með tillögu að hækka gjaldið í 450 kr. Allir sem mættir voru á fundinn voru samþykkir hækkun.
- Kosning í foreldrafélagið; Ósk mun halda áfram í foreldrafélaginu hún verður meðstjórnandi. Nýjir í stjórn eru; Elva Rún meðstjórnandi, Klaudia Sylwia formaður, Anna Margrét ritari og Ingunn gjaldkeri.
- Fundi slitið.

Steinunn Alva Lárusdóttir